

Tilnefning til Menntaverðlauna Suðurlands 2017

Hér með viljum við tilnefna Sigurð Sigursveinsson til Menntaverðlauna Suðurlands 2017.

Sigurður á langan og farsælan feril í menntamálum og rannsóknum á Suðurlandi, m.a. sem skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands og hefur síðastliðin ár gegnt starfi framkvæmdarstjóra Háskólafélags Suðurlands.

Hann hefur lagt sig fram við eflingu menntunar á Suðurlandi til að mynda með aðkomu sinni að átaksverkefnum í tengslum við uppbyggingu grunnnáms á háskólastigi sem og að stuðla að bættri aðstöðu til fjarnáms. Er það í anda þeirrar byggðarstefnu sem er í gildi á Suðurlandi. Innan hennar er lögð áhersla á að hækka menntunarstig landshlutans, auka aðgengi að símenntun á svæðinu og kynna framboð háskólanáms.

Lykillinn að aukinni menntun og þekkingu er talinn felast í aðgengi íbúa að skólastofnunum á hverju svæði fyrir sig. Hafa verkefni Sigurðar undanfarin misseri snúið að því ásamt eflingu háskólamenntunar á Suðurlandi. Með auknu aðgengi og góðri aðstöðu til fjarnáms er verið að stuðla að auknu menntunarstigi sem dregið getur úr líkum á því að íbúar flytjist á brott til að sækja sér menntun annars staðar þar sem fólk jafnvel ílengist og flytur síður til baka.

Með aðstöðunni í Fjölheimum getur fólk hist sem er í svipaðri stöðu, skipst á skoðunum, ráðum og dáðum, deilt rýmum saman og hefur þar orðið til vinnustaður fyrir nemendur sem geta verið þar með fasta viðveru. Þá hefur skapast ákveðið þverfaglegt þekkingarsamfélag milli nemenda sem stunda þar nám á ólíkum sviðum og geta þessi tengsl jafnvel verið til frambúðar.

Einstakt viðmót Sigurðar sem einkennist af metnaði, áhuga, þolinmæði, umhyggju og sveigjanleika í garð okkar sem nýta aðstöðuna í Fjölheimum er til fyrirmyndar og til eftirbreytni.

Það er því okkar mat að hann verðskuldi þessa viðurkenningu.

Virðingarfyllst,

Auður Hlín Ólafsdóttir
Háskóli Íslands
BS Lyfjafræði

Aníta Rögnvaldsdóttir
Háskólinn í Reykjavík
Meistaránám í lögfræði

Ásgerður Tinna Jónsdóttir
Háskólinn á Akureyri
BS Hjúkrunarfræði

Dagbjört Harðardóttir
Háskólinn á Akureyri
BA félagsvísindi

Elvý Ósk Guðmundsdóttir
Háskólabrú Keilir
Stúdentspróf

Erla Gunnarsdóttir
Háskólinn á Akureyri
BA í Sálfræði

Eydís Rós Eyglóardóttir
Háskólinn á Akureyri
BS. viðskiptafræði

Eygló Dögg Hreiðarsdóttir
Háskóli Íslands
M.ed. Grunnskólakennarafræði

Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir
Háskólinn á Akureyri
BS Hjúkrunarfræði

Gudlaug Margrét Dagbjartsdóttir.
Háskóli Íslands
Þroskaþjálfafraedi

Guðríður Ester Geirsdóttir
Háskólinn á Akureyri
BS Hjúkrunarfræði

Gunnhildur Rán Hjaltadóttir
Háskólinn á Akureyri
Bs Hjúkrunarfræði

Hanna María Alfreðsdóttir
Háskólinn á Akureyri
BS Hjúkrunarfræði

Hjördís H. Wíum Guðlaugsdóttir
Háskólinn á Akureyri
Hjúkrunarfræði

Ingibjörg Blaka Hreggviðsdóttir
Háskóli Íslands
M.Ed í Náms- og kennslufræði

Katrín Eik Össurardóttir
Háskólinn á Akureyri
Hjúkrunarfræði

Kristín Eva Pétursdóttir
Háskólinn á Akureyri
BA í Sálfræði

Linda Baldursdóttir
Háskólinn á Akureyri
BA í Sálfræði

Margrét Birgitta Davíðsdóttir
Háskólinn í Reykjavík
BA Lögfræði

Oddný Guðríður Pálmadóttir
Háskóli Íslands
M.Ed í leikskolakennarafræði.

Rakel Guðmundsdóttir
Háskólinn á Akureyri
Bs Hjúkrunarfræði

Salóme Huld Gunnarsdóttir
Háskóli Íslands
Þroskaþjálfafraði

Selma Harðardóttir
Háskóli Íslands
B.A/ed. Uppeldis og menntunarfræði

Sunna Siggeirsdóttir
King's College
International Programme in Addiction Studies

Tinna Björk Helgadóttir
Háskóli Íslands
M.A Opinber stjórnsýsla

Þórdís Ólöf Viðarsdóttir
Háskólinn í Reykjavík
Meistaránám í lögfræði

Þórhildur Guðbjörg Hjaltadóttir
Háskólinn á Akureyri
BS Hjúkrunarfræði